

Samþykkt fyrir Ljósmyndasafn Stykkishólms

1. gr.

Ljósmyndasafn Stykkishólms er í eigu Stykkishólmsbæjar. Safna- og menningarmálanefnd Stykkishólmsbæjar fer með stjórn safnsins og gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun í málefnum þess og hefur eftirlit með að rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr bæjarsjóði í samræmi við fjárhagsáætlun ár hvert.

2. gr.

Ljósmyndasafn Stykkishólms er deild innan Amtsbókasafnsins og veitir forstöðumaður Amtsbókasafnsins því forstöðu.

3. gr.

Samkvæmt afhendingarbréfi Jóhanns Rafnssonar dagsettu 16. júní 1996, þar sem hann afhendir Stykkishólmsbæ ljósmyndasafn sitt, er skipuð framkvæmdanefnd um safn hans. Framkvæmdanefndin er skipuð þremur fulltrúum; fulltrúa Stykkishólmsbæjar, forstöðumanni Amtsbókasafnsins og fulltrúa Jóhanns Rafnssonar eða afkomenda hans. Verksvið framkvæmdanefndar er að fylgjast með, sækja um styrki og stuðla að því að ljósmyndasafnið verði vandlega skráð og frágengið og að því verði sómi sýndur. Varðandi ljósmyndasafn Jóhanns Rafnssonar vísast í afhendingarbréf hans.

4. gr.

Ljósmyndasafnið starfar samkvæmt gildandi lögum um söfn, safnalög, lög um höfundarrétt og lög um flutning menningarverðmæta úr landi.

5. gr.

Hlutverk Ljósmyndasafnsins er að safna, skrá og varðveita ljósmyndaefni svo sem ljósmyndir, glerplötur, filmur, skyggjur, stafrænar myndir svo og önnur gögn og skjöl sem tengjast safninu, hafa menningarsögulegt gildi og varpa ljósi á sögu Stykkishólms. Við rekstur safnsins er lögð áhersla á að varðveislu mynda, filma og annarra gagna sé eins og best verður á kosið. Gögnin skulu varðveitt með þeim hætti að almenningur hafi sem bestan aðgang að þeim í safninu eða á heimasíðu þess. Safnið skal fyrir hönd Stykkishólmsbæjar veita ráðgjöf um meðferð og varðveislu ljósmynda í eigu bæjarins.

6. gr.

Ljósmyndasafnið skal kappkosta að safna ljósmyndum sem teknar hafa verið í Stykkishólmi eða myndum sem tengjast bænum með einum eða öðrum hætti.

7. gr.

Ljósmyndasafnið skal fylgja afgreiðslutíma Amtsbókasafnsins. Það skal sinna kynningu á safnkostinum m.a. með sýningahaldi, leiðsögn um safnið, fyrirlestrum, útgáfu mynda og kynningarita eða með öðrum hætti sem henta þykir og fjárhagsáætlun safnsins leyfir hverju sinni. Safnið og starfsemi þess skal eftir því sem kostur er kynnt nemendum skóla í samráði við skólayfirvöld í Stykkishólmi.

8. gr.

Forstöðumaður ber ábyrgð á rekstri og stjórnsýslu safnsins, þar með talið fjármálum, starfmannamálum og á framkvæmd ákvarðana safna- og menningarmálanefndar. Hann skipuleggur sýningar safnsins og sér um aðra faglega starfsemi þess.

9. gr.

Forstöðumaður tekur ákvarðanir um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort þær skuli þegnar. Safnið má ekki takast á hendur kvaðir um aðra meðferð einstakra gjafa en gilda almennt um meðferð safnskotsins, og getur bæjarstjórn veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstök rök mæla með því.

10. gr.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar setur safninu gjaldskrá sem fylgt er þegar efni er selt einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum til notkunar.

11. gr.

Samþykkt þessi og breytingar sem kunna að verða gerðar á henni öðlast gildi að fengnu samþykki bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar.

Þannig samþykkt á fundi safna- og menningarmálanefndar Stykkishólmsbæjar þann 18. mars 2008.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar
21. apríl 2008